

Telja verður, að stefndi hafi ekki nægilega sýnt fram á, að honum hafi einhliða verið heimilt að víkja frá þessu fortakslausa samningsákvæði, og ber því að leggja þetta ákvæði til grundvallar í samskiptum aðilanna.

Er þá einnig við það miðað, að fara ber eftir ákvæðum síðastgildandi kjarasamnings, þar til verkþann (verkfall) hefst í reynd.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka beri til greina kröfur stefnanda að öðru leyti en því, að eigi þykir rétt, eins og atvikum er háttað, að gera stefnda fésekt til ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 12/1984. **Blaðamannafélag Íslands**

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

Nútímanum h/f

(Eiríkur Tómasson hrl.).

Verkfall. Kjarasamningur. Fyrirframgreiðsla launa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 16. október 1984.

Stefnandi málsins er Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 25, Reykjavík.

Stefndi er Nútíminn h/f, Síðumúla 15, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

- „1. Að sú framkvæmd stjórnar Nútímans h/f að greiða þann 1. október sl. þeim félagsmönnum stefnanda, sem samkvæmt gr. 1.3. í kjarasamningi aðila teljast fastráðnir, einungis föst laun

fyrir tímabilið 1. til og með 3. október 1984, teljist brot á síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 20. mars 1984, nánar tiltekið gr. „1.3., útborgun launa“.

2. Að stefndi verði látinn greiða hæfilega sekt að mati dómsins til ríkissjóðs.
3. Krafist er málskostnaðar að mati Félagsdóms.“

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi jafnframt þá kröfu:

„Til vara: Að það verði dæmt sem brot á kjarasamningi, að laun voru ekki greidd fastráðnum starfsmönnum Nútímans h/f, sem eru félagsmenn í Blaðamannafélagi Íslands, frá 4. október til 11. október 1984.“

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá þessari varakröfu, en krafðist þó þess, að tekið yrði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að stefndi hefði eftir höfðun máls þessa greitt blaðamönnum sínum laun fyrir tímabilið 4. til 11. október 1984.

Í greinargerð gerði stefndi aðallega þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, en féll frá þeirri kröfu í þinghaldi 26. nóvember 1984.

I.

Hinn 20. mars 1984 var undirritaður kjarasamningur milli Blaðamannafélags Íslands og Dagblaðsins Tímans, sem þá var eign Framsóknarflokksins. Um áramótin 1983/1984 var ákveðið að leggja Tímann niður í því formi, sem hann var, og tók við nýtt útgáfufélag, Nútíminn h/f. Formlega var gengið frá yfirtöku Nútímans h/f um mánaðamótin mars/apríl 1984. Yfirtaka Nútímans h/f miðaðist við það, að félagið tæki við öllum réttindum og skyldum fyrri eiganda. Er aðild Nútímans h/f, stefnda í málinu, ekki vefngd.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamningsins er gildistími hans frá 1. mars 1984 til 15. apríl 1985, en heimilt er samningsaðilum að segja upp launaliðum samningsins með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir séu lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Skyldu laun hækka um 3% 1. september 1984 og 2,9% 1. janúar 1985. Hinn 26. júlí 1984 sagði stefnandi upp launaliðum kjarasamningsins miðað við 1. september 1984, og kom umrædd áfangahækkun ekki til framkvæmda.

Stefndi gefur út dagblaðið NT. Í þjónustu stefnda starfa einkum

félagsmenn Blaðamannafélags Íslands og Félags bókagerðarmanna. Bæði félögin sögðu upp launaliðum kjarasamninga sinna. Gerðu þau kröfur um verulega hækkun launaliða félagsmönnum sínum til handa. Þeim kröfum var hafnað. Félag bókagerðarmanna boðaði þá verkfall í öllum prentiðnaðarfyrirtækjum frá og með 10. september 1984. Verkfall þetta lamaði útgáfustarfsemi Nútímans h/f og annarra dagblaða. Af þeim sökum lagðist vinna við útgáfu dagblaðsins NT niður.

Hinn 26. september boðaði stefndi verkþann gagnvart félagsmönnum stefnanda frá og með 4. október 1984.

Í bréfi stefnda um verkþannboðunina segir m.a. svo:

„Með vísan til II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 tilkynnist yður hér með, að stjórn Nútímans h/f, útgefandi dagblaðsins NT, hefur ákveðið að leggja verkþann á starfsmenn, sem eru félagsmenn í BÍ, frá og með miðnætti aðfaranótt 4. október.

Ástæða verkþannsins er sú, að vegna verkfalls Félags bókagerðarmanna hefur NT ekki komið út í nær þrjár vikur og þar af leiðandi orðið fyrir miklu tekjutapi.

Stjórnin harmar að hafa þurft að grípa til þessara ráðstafana til þess að tryggja stöðu blaðsins og framtíðarútgáfu þess.“

Ofangreindu bréfi svaraði stefnandi með bréfi, dagsettu 2. október 1984. Í því bréfi segir svo:

„Samkvæmt ofangreindu bréfi er ástæða verkþannsins mikið tekjutap og það boðað til að tryggja rekstrarstöðu og framtíðarútgáfu blaðs yðar.

Það er álit stjórnar Blaðamannafélags Íslands, að verkþannboðun þessi sé ólöglegt og ótvírætt brot á 14. gr. laga nr. 80/1938, þar sem henni er ekki ætlað að vinna að framgangi krafna yðar í kjaradeilu við BÍ, heldur styrkja rekstrarstöðu blaðs yðar. Stjórn BÍ áskilur sér allan rétt til að höfða mál á hendur Nútímanum h/f fyrir Félagsdómi, verði verkþannboðun þessi ekki dregin til baka fyrir 4. október nk.“

Stefndi ritaði stefnanda bréf, dagsett 3. október 1984, þar sem hann afturkallaði boðað verkþann og boðaði nýtt. Í bréfinu segir m.a. svo:

„Stjórnin hefur hins vegar, til þess að taka af allan vafa, ákveðið að boða til verkþanns að nýju frá og með 11. október 1984, sbr.

meðfylgjandi bréf til ríkissáttasemjara. Verkbann þetta er að sjálf-sögðu lagt á til þess að knýja á um kröfur félagsins í yfirstandandi kjaradeilu, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938. Stjórnin vill jafnframt áréttta það sjónarmið, sem fram hefur komið áður, að Nútíminn h/f hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að ganga að kaupkröfum BÍ, allra síst í ljósi yfirstandandi prentaraverkfalls.“

Í grein 1.3. í kjarasamningnum frá 20. mars 1984 er svofellt ákvæði:

„Útborgun launa.

Laun þessi greiðist fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar. Flytjist blaðamenn og handritalesarar milli blaða, skulu þeir halda launa-greiðslum sínum í samræmi við starfsaldur sinn.

Er maður hefur störf við blaðamennsku, skulu þrír fyrstu mánuð-irnin teljast reynslutími. Telst hann þá fastráðinn, sé ekki um annað samið, og hefjast þá fyrirframgreiðslur launa. Verði blaðamaður ráðinn áfram, telst reynslutími til starfstíma.“

Fyrsti virkur dagur í október var mánudagurinn 1. október. Stefndi greiddi fastráðnum blaðamönnum sínum þann dag aðeins laun fyrir fyrstu þrjá daga mánaðarins, það er að segja til og með 3. október 1984, en daginn eftir skyldi verkbann hefjast samkvæmt áðurgreindri boðun. Þessu hefur stefnandi ekki viljað una, og hefur hann því höfðað mál þetta.

II.

Rökstuðningur stefnanda fyrir kröfum sínum er þessi:

Stefnandi lítur svo á, að sú framkvæmd að greiða aðeins laun fyrir þrjá fyrstu daga mánaðarins sé brot á gr. 1.3. í gildandi kjara-samningi aðila. Samkvæmt 1. mgr. nefndrar greinar skal greiða laun til fastra starfsmanna fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Krafa þessi er undantekning frá þeirri meginreglu, að launþeginn eigi aðeins rétt á launum, eftir að hann hefur innt af hendi vinnuframlag sitt. Í nefndri grein í kjarasamningi aðila kemur skýrt fram, hvenær greiða eigi laun og að þau skuli greidd fyrirfram. Ekki eru sett nein frekari skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu en þau, að starfsmaður teljist fastur starfsmaður, þ.e. hafi unnið a.m.k. 3 mánuði. Ekki er það gert að skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að unnið sé út mánuðinn. Ákvæði þetta er nánast skilyrðislaust. Rétturinn til fyrirfram-greiðslu byggist eingöngu á þessu ákvæði, og hafa ber það í huga, þegar það er skýrt og skoðað. Það er álit stefnanda, að útskýra

eigi þetta ákvæði eftir orðanna hljóðan, þar sem aðrar heimildir koma ekki til greina.

Hinn 4. október 1984 var í gildi milli aðila kjarasamningur. Launaliðum hafði verið sagt upp. Stefnandi heldur því fram, að þrátt fyrir uppsögn þeirra gildi gr. 1.3. áfram, þar sem hún sé ekki hluti af launaliðum. Þótt svo færi ekki, er það almenn venja, að unnið er eftir síðast gildandi kjarasamningi, þar til nýr er gerður eða verkban eða vinnustöðvun hefst, með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 29/1976.

Verkbann það, er boðað var 4. október, var ekki komið til framkvæmda 1. október, á gjalddaga launagreiðslna. Það lá einungis fyrir verkbannsboðun, er hefur samkvæmt eðli sínu engin áhrif á réttindi og skyldur aðila kjarasamnings. Það er ekki fyrr en til verkbanns (verkfalls) kemur, sem réttaráhrif kjarasamnings falla niður. Það er því ljóst, að 1. október var ofangreint ákvæði í grein 1.3. í gildi. Það er álit stefnanda, að það sé brot á kjarasamningi að skerða launagreiðslur til starfsmanna á forsendum, sem hugsanlega verða til staðar á ákveðnum tíma, í þessu tilviki verkbannið, er koma átti til framkvæmda 4. október. Það kom ekki til framkvæmda, og því brást sú forsenda, er stjórn Nútímans h/f gaf sér, er hún greiddi laun 1. október 1984. Verkbann kom fyrst til framkvæmda 11. sama mánaðar.

III.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu m.a. eftirgreindum rökum:

Samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa er á því byggt, að vinnuveitandinn og launþeginn inni báðir af hendi skyldur sínar samkvæmt samningnum. Við skýringu á ákvæðinu verður að hafa það í huga, að laun eru endurgjald vinnuveitandans fyrir vinnuframlag launþegans. Skyldur þeirra beggja eru að þessu leyti gagnkvæmar, þ.e. efni annar aðilinn skyldu sína, er hinum skylt að gera slíkt hið sama. Ef fyrir liggur hins vegar, að annar aðilinn efni ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum, hlýtur hinum aðilanum að vera heimilt að gjalda í sömu mynt. Fáí launþegi ekki greidd laun fyrir vinnu sína, hlýtur honum að vera heimilt að leggja niður vinnu, og með sama hætti hlýtur vinnuveitandi að geta haldið eftir launum, ef launþegi kemur ekki til vinnu, nema lögmæt forföll hamli.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 hafði stefndi ótvíræða lagaheimild til þess að leggja verkbann á félagi í Blaðamannafélagi

Íslands frá 4. október sl. Sú ákvörðun stefnda að afturkalla fyrri verkbannsboðun og boða verkbannt að nýju frá og með 11. október sl. skiptir engu máli í þessu sambandi vegna þess í fyrsta lagi, að stefndi taldi upphaflegu verkbannsboðunina fyllilega lögmæta, og í öðru lagi hefur hann greitt laun þeirra blaðamanna, sem hlut eiga að máli, fyrir dagana 4.-11. október. Hinn 1. október sl. lá þess vegna fyrir, að félagar í Blaðamannafélagi Íslands, sem starfa hjá stefnda, myndu ekki koma til vinnu frá og með 4. október, nema viðunandi samningur um launaliði gildandi kjarasamninga hefði tekist fyrir þann tíma, en stefnandi hafði sagt liðum þessum upp. Við þessar aðstæður hlýtur stefnda sem vinnuveitanda að vera óskýlt að greiða umræddum blaðamönnum laun nema fyrir það tímabil, sem ljóst er, að þeir muni vinna. Styðst þetta við þá meginreglu kröfuréttar, að í gagnkvæmum samningum þurfi aðili ekki að inna greiðslu sína af hendi, þegar hann hefur á gjalddaga lögmæta ástæðu til að ætla, að gagnaðili muni ekki láta í té endurgjald samkvæmt samningi aðila.

Þá heldur stefndi því fram, að blaðamenn, sem hjá honum unnu, hafi fengið greidd laun fyrir vinnu sína hjá öðrum aðila en stefnda þann tíma, sem verkbanntið stóð. Geti þeir þegar af þeirri ástæðu ekki gert kröfu til þess nú, að stefndi hefði átt að greiða þeim laun fyrirfram fyrir októbermánuð, sbr. til hliðsjónar ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979.

Í greinargerð lögmanns stefnda, sem dagsett er 29. október, er því lýst yfir, að öllum félögum stefnanda, sem starfa hjá stefnda, hafi þá verið greidd laun fyrir októbermánuð að undanskildum þeim dögum, sem verkbanntið stóð, þ.e. frá 11. til 19. október. Hafi blaðamennirnir tekið við launum þessum án nokkurs fyrirvara.

IV.

Það er meginregla í vinnurétti, að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir. Á því launþegi, sem er í verkfalli, ekki rétt til launa fyrir þá daga, sem verkfallið stendur.

Sama regla gildir um verkbannt, sem atvinnurekandi leggur á starfsmenn sína, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á það þykir mega fallast með stefnda, að sammingsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa eigi ekki að skýra svo bókstaflega, að það

hafi átt að tryggja félagsmönnum stefnanda launagreiðslur fyrir tímabil, sem þeir fyrirsjáanlega yrðu í verkbanni.

Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkban 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var stefnda rétt að greiða einungis laun fyrir þá þrjá daga mánaðarins, sem fyrirsjáanlegt var, að unnið yrði. Verður eigi á það fallist með stefnanda, að slík óvissa hafi verið hinn 1. október um það, hvort til verkbanns kæmi, að stefnda væri skylt að greiða fyrirfram föst laun fyrir októbermánuð.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfum stefnanda þegar af þessum ástæðum.

Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Nútíminn h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Blaðamannafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Árna Guðjónssonar.

Á gjalddaga launanna 1. október 1984 var gr. 1.3., sem mælir fyrir um fyrirframgreiðslu launa fastra starfsmanna, í fullu gildi, og er það óumdeilt í málinu.

Telja verður, að stefndi hafi ekki nægilega sýnt fram á, að honum hafi einhliða verið heimilt að víkja frá þessu fortakslausa samningsákvæði, og ber því að leggja þetta ákvæði til grundvallar í samskiptum aðilanna.

Er þá einnig við það miðað, að fara ber eftir ákvæðum síðast gildandi kjarasamninga, þar til verkban (verkfali) hefst í reynd.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka beri til greina kröfur stefnanda að öðru leyti en því, að eigi þykir rétt, eins og atvikum er háttað, að gera stefnda fésekt til ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 22.000,00.